

Opið brjef

um að alþingi sem nú er skuli leyst upp.

Nr. 12.
20.
október.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það alþingi hefir fallist á frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903, þá verður samkvæmt 61 gr. stjórnarskrárinnar að leysa upp alþingi það, sem nú er. Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi sem nú er, er leyst upp.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Opið brjef

um nýjar kosningar til alþingis.

Nr. 13.
20.
október.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, leyst upp alþingi sem nú er, þá er það allramildastur vilji Vor, að nýjar kosningar til alþingis skuli fara fram laugardaginn 11. apríl 1914.

Um leið og Vjer því hjer með ákveðum, að á nefndum degi skuli fram fara almennar kosningar til alþingis, viljum Vjer eigi láta hjá liða að gefa kjósendum til vitundar, að ef hið nýkosna alþingi samþykkir óbreytt stjórnarskrárfrumvarp það, sem samþykkt var á síðasta þingi, þá verðum Vjer, jafnframt því er Vjer staðfestum frumvarpið, að ákveða samkvæmt 1. gr. frumvarpsins í eitt skifti fyrir öll, að íslenzk lög og mikilsvarðandi stjórnarathafnir, skuli eins og að undanfögnu bera upp fyrir Oss í ríkisráði Voru og verður þá að gefa út um það sjerstakan konungsúrskurð, er ráðherra Íslands ber upp fyrir Oss. Á þeim konungsúrskurði verður engin breyting gjörð, nema Vjer staðfestum lög um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, samþykkt bæði af ríkisþinginu og alþingi, þar er ný skipan verði á gjörð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.